

# Skilningur

## á lífinu.

### I.

116.33

Fyrir nokkrum árum benti jeg á það í grein í tímaritinu Occult Review (nóv. 1926) hversu mjög það einkendi dulræn fræði, að þar er lítt um framfarir að ræða, en kyrstaðan alveg yfirgnæfandi. Nú hefir mjer borist hefti guðspeki-tímaritsins Canadian Theosophist (ds. 15. júní 1933), þar sem það er haft eftir einum af helstu mönnum guðspekifjelagsins, Dr. George S. Arundale, að hann taki þátt í fundum, þar sem stundum eru viðstaddir ljómandi gestir frá óendanlega fjarlægum stjörnum: „Meeting which is sometimes attended by splendid representatives from infinitely distant stars“. (S. 121).

Þarna er óneitanlega um framför að ræða í þessum dulrænu fræðum sem menn nefna guðspeki, því að í hinni miklu bók H. P. Blavatsky, the Secret Doctrine (hin dulda kenning) sem nálega má nefna biblíu guðspekinga, kemur ekki fram neinn áhugi á lífinu á stjörnunum, eða skilningur á því, hversu mikla þýðingu þekking á því lífi mundi hafa fyrir alla hagi mannkynsins.

En í öðrum greinum í þessu tímariti sem jeg nefndi sjest sama kyrstaðan og vant er, og vottar ekki fyrir neinni framþróun. Hefi jeg þar í huga fyrst og fremst, það sem ritað er um endurholdg-

unina, þessa höfuðkenningu guðspekinnar; þ. e. að maðurinn sje endurborinn hjer á jörðu, fæðis hjer aftur og aftur. Kemur þar glögt fram hversu fast er haldid í þessa kenningu, og í Mbl. var fyrir skömmu grein eftir Annie Besant, sem sýnir hversu fasttrúuð hin látna merkiskona hefir verið á endurholdgunina, og þar

afleiðandi hversu ófróð hún hefir verið um lífið eftir dauðann. Því að kenning þessi er röng og viðsjárverð mjög. Þeir sem á endurholdgunina trúa, eru sannfærðir um að hagir manna hjer í lífi fari eftir því hvernig þeir hafa hegðað sjer, þegar þeir lifðu hjer áður. Eigi menn því við böll og sorg að búa, þá sje það ekki annað en það sem þeir hafi unnið til í fyrra lífi. Það er í augum uppi að slík trú hlýtur mjög að aukast mönnum dómgirni og miskunnarleysi, og vinnur þannig á móti tveim hinum fegurstu og viturlegustu boðum Kristis: „Dæmið ekki“ og „verið miskunnsamir“. Þeir sem á endurholdgunina trúa, dæma á þá leið, að ólánið sem dynur yfir hinn ógæfusama, sje rjett handa honum, og sú sannfæring hlýtur óhjákvæmilega að draga úr miskunnsæmi þeirra og hjálpsæmi.

### II.

Annar stórgalli á hinni guðspekilegu trú á endurholdgunina er að hún kemur í veg fyrir allan skilning á lífinu eftir dauðann. Þann skilning sem svo er áriðandi, að það mun gerbreyta öllu mann-

En hvernig geta menn imyndað sjer, að það dugi til að komast á þroskabraut og vaxa fram til fullkommunar, að fæðast aftur og aftur við eins ófullkomnar ástæður og hjer á jörðu eru, og þannig að þeir muni aldrei sína fyrri ævi — eða rámi aðeins örsjaldan í eitt og annað, eins og stundum virðist vera; en á því stendur þó ekki þannig, að menn sjeu endurbornir, og hefi jeg í einum kafla í Einnýal, sýnt fram á hvernig slíkar endurminningar eru til komnar. Mjög glögglega kemur í ljós hverstu óviturleg sú trú er að menn geti öðlast nauðsynlegan þroska á því að fæðast aftur og aftur hjer á jörðu, ef vjer virðum fyrir oss hvað það er, sem í raun og sannleika á sjer stað í þessum efnum. En það getum vjer, ef vjer rannsökum á nægilega vísindalegan hátt ýmsar lýsingar sem til eru á lífinu eftir dauðann. Vil jeg þar nefna fyrst og fremst hina stórmerkilegu bók Guðmundar Davíðssonar á Hraunum, Ísland-ingabygð á öðrum hnetti, og þá hinar tvær bækur Wards, Gone West, og A Subaltern in spirit Land, og loks A Wanderer in the spirit Lands, eftir A. Farnese, eða líklega öllu heldur Anitu Silvani, unnustu mannsins sem segir framlífs sögu sína á svo stórkostlega fróðlegan hátt. Ýmislegt er það sem á milli ber í bókum þessum, og er það mjög að vonum; en það sem þeim kemur saman um er þannig vaxið, að oss er þar auðsjáanlega sannleikurinn sagður,

eða a. a. m. K. er frásöginn þannig að oss verður auðvelt að ráða í sannleikann. Og þá kemur í ljós að svo fjarri fer því, að menn muni ekki þegar þeir lifa í annað sinn — í nýjum líkama og á annari jörð — ævi sína hjer á jörðu, að þeim er einmitt kent að muna það sem á ævidagana hefir drifið, miklu betur og nákvæmlegar en þeir gerðu nokkurn tíma meðan þeir lifðu hjer á jörðu. Og þeir eru aðstoðaðir eigi einungis til að muna sína fyrri ævi heldur einnig til að meta hvað eina og skilja hvað vel var í breytni þeirra og hvað ekki, hvað til framfara hjerfði og hvað á hinn veginn. Og þá fyrst, er þeir hafa öðlast skilning á högum sínum og breytni í þessu lífi, framlífinu, eru þeir orðnir hæfir til að taka þátt í þetra og fullkomnara framlífi. Og sjá menn nú ekki hverstu augljóst það er, að sannleikurinn er eitt-hvað á þessa leið?

Mjög gengur mönnum misjafnlega vel að læra eftir dauðann, að meta líf sitt hjer á jörðu, og eru þeir því miður margir, sem lifa eftir dauðann í stöðum sem ekki eru þetri en vor jörð (eða framlífsnötturinn; sbr. hinn áriðandi kafla um framlíf og framlíf í Einnýal); eða staðurinn er jafnvel miklu verri en vor jörð. Verður alt erfiðast fyrir þeim, sem verið hafa svíksamir, illgjarnir, og érnáksamir. En þó kemur það fyr eða síðar, að einnig slíkir læra að átta sig, og komast á hina rjettu leið.

19. október.

1933

Holgi Pjeturs.